

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Árlegur aksturs- og ferðakostnaður embætta presta og vegna starfa prófaste er greiddur samkvæmt eftirfarandi flokkun:

I. flokkur, kr. 120 þús. á ári.

Eftirtalin embætti á höfuðborgarsvæðinu:

- a. Embætti sóknarpresta og presta með eina sókn og íbúa fleiri en 3000.
- b. Embætti sérþjónustupresta.
- c. Embætti héraðspresta.

II. flokkur kr. 200 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

- a. Embætti sóknarpresta og presta á höfuðborgarsvæðinu með fleiri en eina sókn.
- b. Embætti sóknarpresta og presta í þéttbýli eða þar sem stærstur hluti íbúa býr í þéttbýli, með eina eða tvær sóknir.
- c. Embætti sóknarpresta í dreifbýli með eina sókn.
- d. Embætti sérþjónustupresta sem hafa aðallega þjónustuskyldu á höfuðborgarsvæðinu.
- e. Embætti héraðspresta í dreifbýli og víðfeðmi.
- f. Enn fremur vegna starfa prófaste að frátöldum þeim sem getið er í þriðja flokki.

III. flokkur kr. 300 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

- a. Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri.
- b. Embætti sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.
- c. Embætti presta erlendis.
- d. Enn fremur vegna starfa prófaste í víðfeðmum prófastsdæmum.

Biskupsstofa annast um flokkun embætta samkvæmt framangreindu í samráði við Presta-félag Íslands.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 141/1998, svo og heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2002.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjubings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.